



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Danska Kvikmyndir

Vorönn 2020

DANS3KD05

---

<b>Kennari:</b>	<b>Pelle Damby Carøe</b> <a href="mailto:pellecaroe@fsu.is">pellecaroe@fsu.is</a>	<b>Sk.st.</b>	<b>PC</b>
-----------------	---	---------------	-----------

**Undanfari:** DANS2LM05

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla þætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og ábyrgð í vinnubrögðum.

Kennsla fer að mestu leiti fram á dönsku.

### Markmið áfangans er að:

**Tal:** Nemendur þjálfist í að tala saman af öryggi um námsefni áfangans, að svara fyrirspurnum og færa rök fyrir skoðunum sínum. Nemendur geti gefið nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum og dregið saman niðurstöður.

**Hlustun:** Nemendur vinni með ýmiss konar hlustunarverkefni, geti skilið sjónvarpsþætti og kvikmyndir án mikilla erfiðleika og geti skilið langan málflutning á dönsku.

**Ritun:** Nemendur geti tjáð sig skriflega með skýrum og vel samsettum texta í viðeigandi ritstíl hvort heldur sem er um að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins t.d endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

**Orðaforði:** Nemendur tileinki sér sérhæfan orðaforða í tengslum við námsefni sem unnið er með hverju sinni.

**Lestur:** Nemendur geti lesið sérfræðigreinar sem tengjast viðfangsefni áfangans.

<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• viðeigandi ritstíl í dönsku ritmáli</li> <li>• danskri kvikmyndagerð</li> <li>• flóknum rauntextum</li> <li>• fjölbreyttum orðaforða sem tengist námsefninu</li> <li>• helstu atriðum og þemum í dönskum kvikmyndum</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta tjáð sig af öryggi og ábyrgð án mikillar umhugsunar</li> <li>• skilja þegar töluð er danska og skilja nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum</li> <li>• nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni</li> <li>• tjá sig skýrt um námsefni sem hann hefur kynnt sér</li> <li>• tjá sig skriflega á skýran og gagnrýnan hátt og valið sér rítstil sem hentar hverju sinni</li> <li>• vinna að skapandi verkefnum þar sem sérhæfð þekking kemur fram</li> <li>• skipuleggja vinnuferli og sýni frumkvæði í vinnubrögðum</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• meta eigið vinnuframlag og annarra</li> <li>• skilja flókið efni jafnvel þótt það tengist ekki hans sérsviði</li> <li>• taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu og tjá afstöðu sína á siðferðislegan hátt</li> <li>• setja fram hugmyndir sínar og skoðarnir af nákvæmni</li> <li>• lesa á milli lína og áttað sig á dýpri merkingu texta</li> <li>• nota málið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt í félagslegum og faglegum tilgangi</li> </ul>

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni - viðfangsefni</b>	<b>Próf og verkefni</b>
6. jan. - 2. feb.	Kvikmyndir 1 & 2 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 1 (skriflegt) Ritun 1	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Skrifleg próf
3. feb. - 1. mar.	Kvikmyndir 3 & 4 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 2 (munnlegt) Fræði, bakgrunnur Hlustun 1	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Munnleg próf
2. mar. - 29. mar.	Kvikmyndir 5 & 6 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 3 (stuttmynd) Ritun 2	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Sköpun / stuttmynd
30. mar. - 8. maí.	Kvikmynd 7 & 8 Fræði, bakgrunnur Þemaverkefni 4 (frjáls aðferð) Hlustun 2	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Frjáls aðferð

### Sérreglur áfangans:

Nemendur verða að **kíkja DAGLEGA á Innu** til að fylgjast með tímasetningu prófa og verkefna og einnig til fylgjast með yfirferð námsefnis í tímum.

Áfanginn er símatsáfangi **án lokaprófs**, en nánast öll verkefni og próf eru metin til lokaeinkunnar.

Nemendur eru hvattir til að senda skilaboð í **Innu** ef einhverja spurninga vakna og **þeim verður svarað á vinnutíma á virkum dögum**.

### Fyrirkomulag námsmats:

Símat/leiðsagnarmat sem byggir á verkefnavinnu, þemavinnu, skriflegum og munnlegum prófum. Námsmatið tekur til allra færniþáttanna þ.e.a.s. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Áhugi / ástundun	Innlifun & verkefnaskil	20%
Þemaverkefni	4 próf: Skrifleg (10%), munnleg (10%), stuttmynd (20%), frjáls aðferð (10%)	50%
Ritun	2 próf: Ritun tengt kvikmyndum eða þættir	15%
Hlustun	2 próf: Sjónvarpsefni / þættir	15%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa.

*Kærlig hilsen,  
Pelle Damby Carøe*